

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 47/2007**

**frá 8. júní 2007**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/2007 frá 27. apríl 2007 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (kerfisbundin útgáfa) <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/128/EB frá 8. desember 2006 um breytingu og leiðréttingu á tilskipun 95/31/EB um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir sætuefni til notkunar í matvælum <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/129/EB frá 8. desember 2006 um breytingu og leiðréttingu á tilskipun 96/77/EB þar sem mælt er fyrir um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni <sup>(4)</sup>.
- 5) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2006/125/EB fellur úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/5/EB <sup>(5)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*I. gr.*

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 46a (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/31/EB):

„– **32006 L 0128**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/128/EB frá 8. desember 2006 (Stjtið. ESB L 346, 9.12.2006, bls. 6).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 209, 9.8.2007, bls. 74, og EES-viðbætur nr. 38, 9.8.2007, bls. 47.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 346, 9.12.2006, bls. 6.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 346, 9.12.2006, bls. 15.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 49, 28.2.1996, bls. 17.

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zf (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/77/EB):  
„– **32006 L 0129**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/129/EB frá 8. desember 2006 (Stjtíð. ESB L 346, 9.12.2006, bls. 15).“
3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzz (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) 1609/2006):  
„54zzza. **32006 L 0125**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (kerfisbundin útgáfa) (Stjtíð. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16).“
4. Efni liðar 54zl (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/5/EB) falli brott:

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2006/125/EB, 2006/128/EB og 2006/129/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Seatter**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.